

Efnaeftirlit í kjölfar ábendingar - Costco

Dagsetning	25. september 2019
Fyrirtæki	Costco Wholesale Iceland ehf.
Heimilisfang	Kauptúni 3, 210 Garðabæ
Kennitala	7006140690
Starfsemi	Heildsala, smásala
Eftirlitsstaður	Verslun Costco, Kauptúni 3, Garðabæ
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Sólrún Hafþórsdóttir
Fulltrúi UST	Einar Oddsson
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Einar Masson

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS OG ÚRRÆÐI SEM UMHVERFISSTOFNUN HEFUR GRIPIÐ TIL

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með merkingum efnavara í verslun Costco Wholesale Iceland ehf. Kauptúni 3, Garðabæ, þann 25. september 2019. Eftirlitið fór fram í kjölfar ábendingar um að merkingar pallaolíu og hreinsiefnis, þ.e. *Ronseal Decking Protector* og *Ronseal Decking Cleaner & Reviver*, uppfylltu ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Vörurnar voru þar í sölu og eru þær plastaðar saman í eitt vörusett með tveimur brúsum í hverju. Báðar vörurnar voru skoðaðar og reyndust merkingar vörunnar *Ronseal Decking Cleaner & Reviver* ekki uppfylla kröfur efnalaga og reglugerða líkt og nánar er greint frá hér að neðan.

Costco Wholesale ehf. brást við bráðabirgðarniðurstöðum eftirlitsins með því að taka vörurnar úr sölu og samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu verða vörurnar endursendar til erlends birgis vörunnar og ekki markaðssettar hér á landi framvegis. Eftirlitsskýrsla þessi verður birt á vefsetri Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 25.9.2019, þar sem tilkynnt var eftirlit í kjölfar ábendingar, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort merkingar varanna *Ronseal Decking Protector* og *Ronseal Decking Cleaner & Reviver*, væru í samræmi við ákvæði reglugerðar 415/2014 sem innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og reglugerð nr 300/2014 sem innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 648/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki
Ronseal Decking Protector 5L	5 010214 864348
Ronseal Decking Cleaner & Reviver 5L	5 010214 826926

FRÁVIK¹

Vara	Lýsing	Birgir ²
Ronseal Decking Protector	Varan fellur ekki í hættuflokk skv. reglugerð nr. 415/2014 sbr. reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Ekkert frávik	Costco Wholesale Iceland ehf Kauptúni 3 210 Garðabæ
Ronseal Decking Cleaner & Reviver	Viðvörðunarorð á íslensku vantar, sbr. 20. gr reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og 32. gr. efnalaga nr. 61/2013. Hættu- og varnaðarsetningar á íslensku vantar, sbr. 21. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og 32. gr. efnalaga nr. 61/2013. Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis (þess sem verður ábyrgur fyrir merkimiðanum á íslensku) vantar, sbr. 17. gr. a- lið, reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og 32. gr. efnalaga nr. 61/2013. Sjá nánar: Reglugerð nr. 415/2014 sem innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008, ásamt síðari breytingum.	Costco Wholesale Iceland ehf Kauptúni 3 210 Garðabæ

Reykjavík, 8. október 2019



Einar Oddsson

¹ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

² Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.